

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. nóvember 2002.

Efni: Till. til þingsál. um ath. á orsökum fyrir háu matvælav. (3. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Verslunarráð telur athugun, eins og þá sem tillagan kveður á um, sé ekki til þess fallin að bæta nokkru nýju við umræðu um matvælavæð á Íslandi. Tollar, vörugjöld og önnur skattheimta á vörur kemur auðvitað fram í vöruverði og telur Verslunarráð það með ólíkindum ef einhverjir hafa haldið annað. Verslunarráð telur miklu nær, ef mönnum ofbýður matvöruverð hér á landi, að minnka þessa skattheimtu (sem gjarnan er margföld á við það sem þekkist erlendis) áður en ráðist er í verkefni af þeim toga sem umrædd þingsál. fjallar um. Í greinargerð með tillögunni er enda viðurkennt að um mikla vinnu sé að ræða (lokamálsgrein) og vill ráðið benda á að um mikinn kostnað fyrir skattgreiðendur yrði líka að ræða ef ráðist væri í svona verkefni. Verslunarráð telur miklar líkur á því að eftirspurn eftir athugun sem þessari minnkaði verulega ef tollar og vörugjöld yrðu felld niður.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.